

REGLUR ÞINGEYJARSVEITAR UM KOSTNAÐARÞÁTTÖKU OG LEIKSKÓLADVÖL

BARNA UTAN LÖGHEIMILISSVEITARFÉLAGS

1. gr.

Almennt

Þingeyjarsveit býður börnum með lögheimili í sveitarfélaginu leikskóladvöl í sveitarfélaginu, í samræmi við reglur og gjaldskrá.

Í undantekningartilvikum er unnt að óska eftir að Þingeyjarsveit greiði tímabundna leikskóladvöl fyrir barn með lögheimili í Þingeyjarsveit í öðru sveitarfélagi.

Í undantekningartilvikum geta börn sem ekki eru með lögheimili í Þingeyjarsveit fengið tímabundna leikskóladvöl í sveitarfélaginu.

Beiðni skv. 2. og 3. mgr. skal beint til sveitarstjóra, sem metur umsókn skv. reglum þessum og mælir með afgreiðslu við sveitarstjórn. Hver og ein umsókn skal metin sérstaklega með hagsmuni viðkomandi barns að leiðarljósi og afstaða tekin á málefnalegan hátt. Hafa skal í huga að um undantekningu er að ræða frá þeirri meginreglu að barn sækir leikskóla í því sveitarfélagi sem lögheimili þess er.

2. gr.

Umsókn um kostnaðarþátttöku

Umsókn um kostnaðarþátttöku Þingeyjarsveitar vegna tímabundinnar leikskóladvalar barns í öðru sveitarfélagi skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns.

Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókn:

- a) Greinargerð um ástæður þess að óskað er eftir leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Þar skal einnig koma fram hvað sótt er um til langs tíma.
- b) Yfirlýsing frá viðtökusveitarfélagi þar sem leikskóladvöl viðkomandi barns er samþykkt.

Sveitarstjóra er heimilt að óska eftir frekari gögnum í þeim tilgangi að upplýsa um aðstæður barns og /eða foreldra/forráðamanna.

3. gr.

Afgreiðsla umsókna um kostnaðarþátttöku

Beiðni um kostnaðarþátttöku getur m.a. grundvallast á eftirfarandi ásæðum:

- a) Að barn flytji í Þingeyjarsveit, en foreldrar/forráðamenn óska eftir að barnið sækir tímabundið leikskóla í sveitarfélaginu þar sem það átti lögheimili fyrir flutning.
- b) Mjög sérstökum aðstæðum barns eða foreldris/forráðamanns.

Grundvellist umsóknin á a. eða b. lið 1. mgr. og sveitarstjóri telji rétt að mæla með samþykki hennar skal samþykkið þó ekki vera til lengri tíma en sex mánaða. Við sérstakar aðstæður og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, er heimilt að framlengja fyrra samþykki.

4. gr.

Umsókna um tímabundna leikskóladvöl

Umsókn um tímabundna leikskóladvöl barns sem ekki á lögheimili í Þingeyjarsveit, skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns.

Umsókn skal fylgja greinargerð um ástæður umsóknarinnar og þar skal m.a. koma fram hvað sótt er um til langs tíma.

Sveitarstjóra er heimilt að óska eftir frekari gögnum í þeim tilgangi að upplýsa um aðstæður barns og /eða foreldra/forráðamanna.

5. gr.

Afgreiðsla umsókna um tímabundna leikskóladvöl

Að jafnaði skal samþykkja beiðni um tímabundna leikskóladvöl ef ástæður eru eftirfarandi, en þó skal haft í huga að um undantekningu er að ræða:

- a) Að barn flytji úr Þingeyjarsveit, en foreldrar/forráðamenn óska eftir að barnið sækji áfram, í fyrirfarm ákveðinn tíma, leikskóla í Þingeyjarsveit.
- b) Samþykkið skal þó ekki vera til lengri tíma en sex mánaða. Við sérstakar aðstæður og með hagsmunum barnsins að leiðarljósi, er heimilt að framlengja fyrra samþykki.

Samþykki Þingeyjarsveitar á því að samþykkja leikskóladvöl barns, með lögheimili í öðru sveitarfélagi er ávallt bundið skilyrði að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki kostnaðarþátttöku.

6. gr.

Samkomulag um greiðslur

Þegar heimild er veitt til kostnaðarþátttöku eða leikskóladvalar, skal semja um greiðslur við viðkomandi sveitarfélag. Miðað skal við viðmiðunargjaldskrá sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett, en sú gjaldskrá tekur breytingum árlega.

Ef Þingeyjarsveit tekur að sér með reglubundum hætti að vista börn annars sveitarfélags eða ef börn sem lögheimili eiga í Þingeyjarsveit eru vistuð með reglubundum hætti í tilteknum leikskóla í öðru sveitarfélagi, skal sérstaklega samið um greiðslur vegna þess á milli sveitarfélaga.

7. gr.

Synjun umsókna

Unnt er að kæra synjun umsókna til ráðuneytis sveitarstjórnarmál á grundvelli 1. mgr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum. Kæra skal berast innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um synjunina.

Samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
18.04.2018